



MINNISBLAÐ

Dagsetning: 1. júlí 2025

Höfundur: Aldís Erna Pálsdóttir

Viðtakandi: Áhugafólk um rjúpnarannsóknir

Málsnúmer: 202501-0106

Efni: Rjúpnatalningar 2025


Rjúpnatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar vorið 2025 er lokið og voru rjúpur taldar á 22 vegsniðum í öllum landshlutum. Tiltölulega snemma varð snjólaust í flestum landshlutum og skilyrði til talninga góð. Alls sáust 2325 karrar. Talningarnar voru unnar í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Austfjarða, Vatnajökulsþjóðgarð, Skotvís og áhugamenn um rjúpur.

Talningar sýndu nokkrar breytingar á fjölda rjúpna samanborið við árið 2024 en leitnin var ólík eftir landshlutum. Á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Suðurlandi sýndu talningar svipaðan fjölda og síðustu ár, og á Austurlandi var fækkun frá því í fyrra. Á Vesturlandi og Norðurlandi eystra var talsverð aukning frá því árið 2024, og á vissum sniðum s.s. á Mýrunum og í Bakkafirði var fjöldi rjúpna sá hæsti sem sést hefur frá því talningar hófust.

Stofnbreytingar rjúpu 2024 til 2025 voru ólíkar eftir svæðum og landshlutum. Í heildina sáust um 28% fleiri rjúpur í ár heldur en í fyrra, en langstærsta hluta þeirrar aukningar má rekja til mikils fjölda á Norðurlandi eystra og Vesturlandi. Færri rjúpur sáust á Austurlandi og Norðurlandi vestra en árið 2024. Miðað við stofnvisitölur úr talningum síðustu 20 er rjúpnastofninn undir meðaltali á Austurlandi, í kringum meðaltal á Norðurlandi vestra og Suðurlandi, og yfir meðaltali á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eystra. Talið er líklegt að hár þéttleiki rjúpna á vissum svæðum tengist fækkun fálka (sjá: [Mikil fækkun fálka!](#)).

Miðað við fyrirliggjandi gögn, sem ná aftur til seinni hluta 19. aldar, er hefðbundin lengd stofnsveiflu íslensku rjúpunnar 10–12 ár en frávik eru tíð. Skipulagðar rjúpnatalningar hófust 1963 og þær sýna að stofninn var í hámarki um allt land vorið 1966, en enginn merkjanlegur toppur var á 8. áratugnum. Aftur voru greinilegir toppar á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Í kjölfar friðunar rjúpu 2003 og 2004 óx stofninn og var hámark á Norðurlandi eystra vorið 2005 og svo aftur 2010, 2015, 2019 og að því er virðist nú í ár (1. mynd). Stofnbreytingar í öðrum landshlutum hafa verið óreglulegri. Þessar breytingar á lengd stofnsveiflunnar sýna að rötækar breytingar hafa orðið á stofnvistfræði rjúpunnar eftir 2003 og stofnsveiflan líkt og við þekktum hana er ekki lengur til staðar, hvað sem síðar verður. Aðrir mikilvægir þættir í árlegri vöktun rjúpnastofnsins eru mælingar á aldurshlutföllum í veiði- og varpstofni. Búið er að safna þeim aldurshlutföllum og verða niðurstöður kynntar á næstunni. Samhliða því verða niðurstöður líkans kynntar sem segir til um lengd veiðitímabils í hverjum landshluta. Við þá útreikninga er notast við karratalningar sem hér um ræðir, ásamt aldurshlutföllum í stofni að hausti og vetri, sem gefa til kynna hver er lifun ungfugla og fullorðinna yfir árið.

Hægt er að skoða gagnaraðir úr vöktun rjúpunnar á vefslóðinni: <https://www.ni.is/is/rannsoknir/voktun-og-rannsoknir/voktun-rjupnastofnsins> Nánari upplýsingar veitir Aldís Erna Pálsdóttir, aldis.e.palsdottir@natt.is.



1. mynd. Stöðluð gildi úr niðurstöðum karratalninga á nokkrum vegsniðum í mismunandi landshlutum 1999–2025.



Rjúpnatalningar 2025 yfirlit

Svæði	Hvernig talið	Lengd (2025)	Úrtak 2025 (Karrar séðir)	Karrar á ferkm		Munur (%)	Vöxtur milli ára (% meðaltal)
				2024	2025		
Vesturland							
Reykjanes	Vegsnið	72	75	1.14	4.86	326	107
Innnes	Vegsnið	87	29	1.18	2.08	76	
Mosfellsheiði	Vegsnið	98	55	1.97	2.16	10	
Mýrar	Vegsnið	179	175	3.77	5.47	45	
Dalir	Vegsnið	98	99	1.87	3.32	78	
Vestfirðir							
Steingrímsfjörður-Reykhólar	Vegsnið	127	157	3.28	3.28	0	58
Steingrímsfj. -Djúp	Vegsnið	168	86	0.59	1.28	117	
Norðvesturland							
Miðfjörður	Vegsnið	193	149	2.34	2.75	18	-7
Skagi	Vegsnið	117	56	1.59	1.21	-24	
Hegranes	Vegsnið	29	39	6.55	5.57	-15	
Norðausturland							
Tjörnes	Vegsnið	46	192	3.51	10.17	190	108
Mývatn	Vegsnið	135	378	1.99	5.67	185	
Kelduhverfi	Vegsnið	94	102	1.56	2.7	73	
Hólaheiði	Vegsnið	64	136	2.5	4.73	89	
Melrakkaslétta	Vegsnið	56	116	3.76	4.15	10	
Bakkafjörður	Vegsnið	59	164	5.11	5.82	14	
Þeistareykir	Vegsnið		28	0.68	2	194	
Austurland							
Hérað	Vegsnið	128	81	2.4	1.74	-28	-28
Jökuldalur	Vegsnið	57	61		1.85		
Suðurland							
Suðurlandsundirlendi	Vegsnið	208	44	1.18	1.35	14	14

